

# Societas Gerontologica Islandica



Aðalfundur Öldrunarfræðafélags Íslands 2016  
miðvikudaginn 17. mars kl. 17:00- 19:00  
Hrafnistu í Reykjavík

Fundarstjóri: Líney Úlfarsdóttir

Fundarritari: Ragnheiður Kristjánsdóttir

## Dagskrá fundar

1. Skýrsla stjórnar og vísindasjóðs
2. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
3. Kosning stjórnar, sbr. 6.gr.
4. Kosning stjórnar vísindasjóðs félagsins, sbr. 8.gr.
5. Kosning tveggja skoðunarmanna til eins árs
6. Árgjald ákveðið
7. Lagabreytingar
8. Önnur mál

Að loknum aðalfundi fer fram úthlutun styrkja úr Vísindasjóði félagsins.

### 1. Skýrsla stjórnar og vísindasjóðs Sigurbjörg Hannesdóttir formaður flytur skýrslu stjórnar

Í stjórn á starfsárinu 2015-2016 sátu Sigurbjörg Hannesdóttir, formaður, Helga Björk Haraldsdóttir gjaldkeri, Ragnheiður Kristjánsdóttir ritari, Elísabet Karlsdóttir meðstjórnandi og Ingibjörg Hjaltadóttir meðstjórnandi. Varamaður í stjórn var Anna Björg Jónsdóttir og ekki fannst annar varamaður í stjórnina. Stjórnarfundir voru að jafnaði haldnir á 2. mánaðarfresti, með hléi yfir sumarmánuðina. Varamaður sat ekki fundina.

Helstu verkefni stjórnar á tímabilinu:

# Societas Gerontologica Islandica

Samstarf við Eden Alternative Iceland, Öldrunarheimili Akureyrar, FAAS, Mörkin, Hrafnista og Háskólinn á Akureyri, þar sem haldið var dagsnámskeið með Allen Power MD og umræðuefnið var Heilabilun – ekki bara sjúkdómur og lyfjameðferð. Námskeiðin voru haldin 21.september á Akureyri og 22.september í Nes Kirkju. Allen Power er sérfræðingur í lyf- og öldrunarlækningum, prófessor í lyflækningum og höfundur bókanna Dementia Beyond Drugs (2008) og Dementia Beyond Disease (2014). Bækur hans hafa vakið mikla athygli og hlotið fjölda viðurkenninga.

Það var boðið upp á dagsnámskeið með þessum frábæra fyrirlesara, sérfræðingi og tónlistarmanni. Þátttakendur á námskeiðinu fengu innsýn í aðferðir við að þjónusta fólk með heilabilun og aðstandendur þeirra. Dr. Power hefur þróað eigin sýn og aðferðir út frá hugmyndafræði persónumiðaðrar umönnunar og þjónustu, frá m.a. fræðum Tom Kitwood og Jane Verity. Með sinni nálgun og í samstarfi við Eden Alternative samtökin, hefur Power þróað ákveðnar aðferðir og bætir við „verkfærum“ sem stuðla að persónu- og tengslamiðaðri meðferð, umönnun og þjónustu.

Kostnaður haldinn í lágmarki: 5000,- og námskeiðið var fjölsótt um 150 manns. Félagið lagði enga fjárupphæði í námskeiðið aðeins vinnu stjórnar.

Samstarf við Öldrunarráð Íslands, Velferðarráðuneytið, Samband íslenskra hjúkrunarfræðinga, Samband íslenskra sveitarfélaga, Landssamband eldri borgara og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustunni um ráðstefnu um ofbeldi gagnvart öldruðum á Íslandi - 27.nóvember 2015. Pétur Magnússon formaður Öldrunarráðs Íslands setti ráðstefnuna og velferðarráðherra Eyglóar Harðardóttur flutti ávarp, Haukur Ingibergsson formaður Landssambands eldri borgara var fundarstjóri.

Á ráðstefnunni voru 4 erindi;

- Skilgreiningar á ofbeldi gagnvart öldruðum; Sigrún Ingvarsdóttir félagsráðgjafi
- Ofbeldi gagnvart öldruðum – sjónarhorn lögreglu; Alda Hrönn Jóhannsdóttir lögmaður
- Hversu alvarlegt ofbeldið er gagnvart öldruðum – sjónarhorn fjármála; Gísli Jafetson framkvæmdarstjóri LEB
- Hlutverk réttindagæslumanna fatlaðra – er þörf fyrir slíkt meðal aldraðra; Kristjana Sigmundsdóttir réttindagæslumaður fatlaðra

Ráðstefnan var haldin á Grand Hótel og var aðgangur ókeypis, hún var fjölsótt og vel heppnuð. ÖFFÍ var í undirbúningsvinnunni og lagði einnig fram kostnað upp á 93.328,-

Einnig er í vinnslu námstefna í samvinnu við Öldrunarráð um ofbeldi gegn öldruðum. Það sem horft er út frá starfsmönnum á hjúkrunarheimilum, heimaþjónustu (heimahjúkrun og félagsleg heimaþjónusta) og einnig LSH. Skoðað yrði efnið andlega, félagslega, líkamlega, kynferðislegt og fjárhagslegt ofbeldi. Námstefnan verður haldin í apríl.

Ekki hafa verið haldnir námsdagar í samvinnu við Endurmenntun og var stjórn sammála um að samstarf við önnur félög er hagstæðara fyrir félagsmenn okkar.

# Societas Gerontologica Islandica

Stjórnin vinnur að því að bæta netfangalista félagsins og uppfæra félagatal. Ákveðið var á stjórnarfundum að í ár væri síðasta skipti sem við sendum bréfpóst til allra félaga með aðalfundarboðinu. Framvegis munum við auglýsa aðalfundinn á heimasíðu okkar, senda hóppóst á netfangalista og ef til vill kaupa auglýsingu í blaði; Morgunblaðið eða fréttablaðið, á þó eftir að útfæra nánar.

Norrænt samstarf

Öldrunarfræðafélag Íslands er aðili að Nordisk Gerontologisk Forum (NGF), norrænum samtökum öldrunarfræðafélaga. Forseti NGF er Bo Johannsen í Háskólanum í Gautaborg. NGF heldur öldrunarfræðiráðstefnu annað hvert ár og árið 2014 var ráðstefnan haldin í Gautaborg 23.-25.maí undir yfirskriftinni "Ageing well – challenges for individuals and society. Á stjórnarfundum NGF var ákveðið að haldinn yrði árlegur stjórnarfundur í stað annað hvert ár. Það yrði fundað í því landi sem ráðstefnan er haldin og árið eftir í Oslo. Formaður var ekki boðaður 2015, ástæðan óviss og ég mun spyrja um ástæðuna á fundinum 2016. ". Stjórnarfundir NGF eru alltaf haldnir í tengslum við ráðstefnurnar.

Næsta NGF ráðstefna er í Tampera Finnlandi 19.-22.júní 2016 og mun formaður fyrir hönd félagsins fara á fundinn og ráðstefnuna. Undirbúningur er hafinn fyrir NGF ráðstefnuna sem verður haldin á Íslandi 2020 í samvinnu við Félag Öldrunarlækna.

## **Ingibjörg Hjaltadóttir flutti skýrslu vísindasjóðs.**

Ingibjörg Hjaltadóttir formaður vísindasjóðs fræddi um starf vísindanefndarinnar. Ingibjörg Hjaldadóttir, Ólöf Guðný Geirsdóttir og Guðrún Reykdal eru í nefndinni og vilja vera áfram. Þetta er í annað skipti sem er notað kerfi sem er stöðluð umsókn og notaður er kerfisbundinn dómur til að meta umsóknir. Sigríður Ósk Ólafsdóttir fékk 150.000,- í styrk fyrir verkefnið sitt: "Einmannaleiki meðal aldraðra á hjúkrunarheimilum á Íslandi". Kristbjörg Sóley Haraldsdóttir fékk 150.000,- styrk fyrir verkefnið sitt: "Eiga aldraðir áhyggjulaust ævikvöld?"

## **2. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar**

### **Helga Björk Haraldsdóttir kynnti reikninga félagsins.**

Reikningar voru samþykktir á fundinum. Rætt var um að breyta um banka. Bankakostnaður er um fjórðungur af veltu og umræður voru um að fá tilboð um að halda utan um Vísindasjóð. Athuga þarf reikninga um blaðið Öldrun og að þurfi að loka reikningum og sameina reikninga. Taka bankamálin í gegn heildrænt sem verður í höndum stjórnar.

## **3. Kosning stjórnar, sbr. 6.gr.**

Anna Björg Jónsdóttur fór úr stjórn sem varamaður og Steinunn Þórðardóttir bíður sig fram sem varamaður. Elísabet Karlsdóttir fer úr stjórn í hennar stað þá bíður sig fram Laufey Jónsdóttir þroskaþjálfari. Ásta Kristín Gunnars gefur fram sem annað sæti varamanns. Var það samþykkt einróma

# Societas Gerontologica Islandica

Í stjórn sitja nún Sigurbjörg Hannesdóttir formaður, Ragnheiður Kristjánsdóttir, Helga Björk Haraldsdóttir Laufey Jónsdóttir og Ingibjörg Hjaltadóttir. Varamenn eru Steinunn Þórðardóttir og Ásta Kristín Gunnarsdóttir.

## **4. Kosning stjórnar vísindasjóðs félagsins, sbr. 8.gr.**

Óbreytt – í stjórn vísindasjóðs sitja Ingibjörg Hjaltadóttir, Ólöf Guðný Geirsdóttir og Guðrún Reykdal

## **5. Kosning tveggja skoðunarmanna til eins árs**

Þau Líney Úlfarsdóttir, Ingibjörg Halla Jónasdóttir og Pétur Þorsteinsson buðu sig fram sem skoðunarmenn reikninga. Var haldin kosning og Líney Úlfarsdóttir og Pétur Þorsteinsson voru kosnir skoðunarmenn.

## **6. Árgjald ákveðið**

Sigurbjörg Hannesdóttir: stjórn leggur til að árgjald verði óbreytt 2000,- og það var samþykkt einróma.

## **7. Lagabreytingar**

Engar lagabreytingar

## **8. Önnur mál**

Stjórnarmenn sem fara úr stjórn voru þakkað fyrir góð störf og fengu blómvönd.

Fundi slitið og að loknum aðalfundi fer fram úthlutun styrkja úr Vísindasjóðs félagsins.

Veittir voru styrkir úr Vísindasjóði félagsins eftir aðalfund og kynnti Kristbjörg Sóley Haraldsdóttir verkefnið sitt : “Eiga aldraðir áhyggjulaust ævikvöld?”